



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/035/9,6/ DS/sig
Reykjavík 4. mars 2009

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um
lögskráningu sjómanna, 290. mál.

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi tillögur og athugasemdir:

1. gr.

Markmið frumvarpsins er m.a. að tryggja sönnun í öryggisskyni þannig að vitað sé hverjir eru um borð t.d. þegar skips er leitað eða það er í hættu statt. Þetta hlutverk frumvarpsins mætti koma berum orðum fram í 1. gr.

3. mgr. 4. gr.

Orðalagið „vera um borð“ má skilja þannig að menn eigi að afskrást um leið og þeir stíga frá borði. Skipstjórar dagróðrabáta yrðu þá væntanlega að láta afskrá sig þegar þeir fara frá borði og heim til sín til að hvíla sig eftir róður. Þannig yrðu þeir að lögskrást og afskrást á hverjum einasta degi. Þetta gæti reynst helst til viðurhlutamikið fyrir þá.

2. mgr. 5. gr.

Landhelgisgæslan telur að það fari vel saman við önnur verkefni stofnunarinnar að annast lögskráningu í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti að því tilskildu að fjármagn fáiist til að sinna því. Það verkefni gæti farið vel saman við verkefni stjórnstöðvar LHG/vaktstöðvar siglinga þar sem vakt er 24 tíma sólarhringsins og gæti styrkt aðra starfsemi sem þar fer fram. Vandamál við færslur inn í kerfið koma þá ekki að björgunarþáttinn varðar.

Mjög misjafnt er milli embætta lögskráningarstjóra hversu langan tíma tekur að færa upplýsingar inn í kerfið og í sumum tilfellum er sá tími of langur. Það getur t.d. verið afar erfitt fyrir eftirlits- og björgunaraðila að fá réttar upplýsingar þegar aðeins er fært inn í kerfið á virkum dögum. Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt að kveða á um í lögnum eða reglugerð með þeim hver hámarkstími má vera frá því að upplýsingar um lögskráningu berast uns þær upplýsingar eru færðar inn í kerfið. Að öðrum kosti nær frumvarpið ekki að þjóna tilgangi sínum.

2. mgr. 7. gr.

Mikilvægt er að eftirlitsaðili eins og Landhelgisgæslan hafi aðgang að gögnum um forsendur sem liggja á bak við þær undanþáguheimildir sem kveðið er á um í greininni. Sem dæmi má nefna nafnalista starfsmanna í áhöfn og svo frv.

2. mgr. 8. gr.

Kveðið er á um að starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands sé heimilt að fara um borð í íslensk skip á siglingu. Rétt er að þarna komi fram að Landhelgisgæslan megi fara um borð í íslensk skip á sjó og í höfnum í þessum tilgangi.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,



Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.